

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1990**2018/EES/33/51****frá 6. nóvember 2017**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal,
IAS-staðal 7 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (¹), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirsarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 (²) voru innleiddir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Hinn 29. janúar 2016 birti Alþjóðareikningsskilaráðið breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 7, *yfirlit um sjóðstreymi*. Breytingunum er ætlað að skýra IAS-staðal 7 til að bæta upplýsingar sem veittar eru notendum reikningsskila um fjármögnumunarhreyfingar einingar.
- 3) Með samráði við evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil er staðfest að breytingar á IAS-staðli 7 uppfylli skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.
- 5) Alþjóðareikningsskilaráðið ákvað að gildistökudagur breytinganna yrði 1. janúar 2017. Því ættu ákvæði þessarar reglugerðar að gilda frá 1. janúar 2017. Ákvæðið um afturvirkni er nauðsynlegt til að tryggja réttarvissu viðkomandi útgefenda og samræmi við aðra reikningsskilastaðla sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1126/2008.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMPÝKKT REGLUGERÐ PESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 7, *yfirlit um sjóðstreymi*, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdegi fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2017 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórnartíðindi ESB L 291, 9.11.2017, bls. 89. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaráttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjórnartíðindi ESB L 243, 11.9.2002, bls. 1

(²) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjórnartíðindi ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

*VIDAUKI***Framtaksverkefni um upplýsingagjöf**

(Breytingar á IAS-staðli 7)

Breytingar á IAS-staðli 7, yfirlit um sjóðstreymi

Ákvæðum liða 44A–44E og tengdum fyrirsögnum er bætt við. Ákvæðum 60. liðar er einnig bætt við.

BREYTINGAR Á SKULDBINDINGUM SEM MYNDAST VEGNA FJÁRMÖGNUNARHREYFINGA

- 44A** Eining skal láta í té upplýsingar sem gera notendum reikningsskila kleift að meta breytingar á skuldbindingum sem myndast vegna fjármögnunarhreyfinga, m.a. bæði breytingar sem orðið hafa vegna sjóðstreymis og breytingar sem ekki eru í handbæru fé.
- 44B** Að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að uppfylla kröfurnar í lið 44A skal eining greina frá eftirfarandi breytingum á skuldbindingum sem myndast vegna fjármögnunarhreyfinga:
- breytingum á fjármögnun sjóðstreymis,
 - breytingum sem stafa af því að yfírráð yfir dótturfélögum eða öðrum fyrirtækjum nást eða tapast,
 - áhrifum af gengisbreytingum erlendra gjaldmiðla,
 - breytingum á gangvirði og
 - öðrum breytingum.
- 44C** Skuldbindingar sem myndast vegna fjármögnunarhreyfinga eru skuldbindingar þar sem sjóðstreymi var, eða framtíðarsjóðstreymi verður, flokkað í yfirliti um sjóðstreymi sem sjóðstreymi vegna fjármögnunarhreyfinga. Auk þess á krafan um birtingu upplýsinga í lið 44A einnig við um breytingar á fjáreignum (t.d. eignum sem áhættuverja skuldbindingar vegna fjármögnunarhreyfinga) ef sjóðstreymi frá þeim fjáreignum var, eða framtíðarsjóðstreymi verður, innifalið í sjóðstreymi vegna fjármögnunarhreyfinga.
- 44D** Ein leið til að mæta kröfunni í lið 44A um birtingu upplýsinga er að leggja fram afstemmingu á upphafs- og lokastöðu í efnahagsreikningi fyrir skuldbindingar sem myndast vegna fjármögnunarhreyfinga, þ.m.t. vegna breytinga sem tilgreindar eru í lið 44B. Þegar eining lætur í té upplýsingar um slika afstemmingu skal hún veita notendum reikningsskila nægilegar upplýsingar svo að þeim sé gert kleift að tengja liði sem fram koma í afstemmingunni við efnahagsreikninginn og yfirlitið um sjóðstreymið.
- 44E** Ef eining lætur í té upplýsingarnar sem krafist er í lið 44A, ásamt upplýsingum um breytingar á öðrum eignum og skuldum, skal hún greina frá breytingum á skuldbindingum sem myndast vegna fjármögnunarhreyfinga aðskilið frá breytingum á þessum öðrum eignum og skuldum.

GILDISTÖKUDAGUR

...

- 60** *Framtaksverkefni um upplýsingagjöf* (breytingar á IAS-staðli 7), útgefið í janúar 2016, bætti við liðum 44A–44E. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2017 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Þegar einingin beitir þessum breytingum í fyrsta sinn er þess ekki krafist að hún leggi fram samanburðarupplýsingar fyrir næstliðin tímabil.

